

9. gr.

28

12. febr.

Lögreglusveitinni er skylt að halda uppi aga og góðri reglu við bruna og æfingar. Hún skal, í samráði við slökkviliðsstjóra, sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

10. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerð, er sett verður samkvæmt þeim, skal fara sem opinber lögreglumál. Brot varða sektum, allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

Sektarfé rennur í bæjarsjóð Reykjavíkur.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 20 15. okt. 1875, um brunamál í Reykjavík.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

29

12. febr.

um breyting á lögum um orlof, nr. 16 26. febr. 1943.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

19. gr. laganna orðist þannig:

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennri meðferð einkamála, þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar sátta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.